

Bald timburmeistara um að búa til teikningar og gera áætlun um kostnað við bygging á skólahúsi þannig löguðu, eins og þjer og forstöðumaður skólans hafði stungið uppá, með bústað handa kennara, og hvort er það væri úr steini eða trje. Um leið hefir þess verið leitað, hvort hann vildi koma fram með tilboð um það að taka að sjer bygging hússins. **127**

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að væntanlegar teikningar Balds timburmeisara og áætlanir munu, á sínum tíma og áður en frumvarp til fjárlaganna fyrir 1898 og 1899 verður samið, verða sendar yður, til þess að öllum hlutaðeigendum verði gefinn kostur á að segja álit sitt um þær, gefur ráðaneytið yður hjer með heimild til þess að borga út upp á væntanlega aukafjárveiting gjöld skólans fyrir árið 1897 eptir sömu reglum, sem settar eru um gjöld hans á yfirstandandi ári.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um synjun konungsstaðfesting- 128
ingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1893 um sjerstaka heim- 17. ágúst
 ild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 15. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp var borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi í fyrra sumar, um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum og fer frumvarp þetta, þó að fyrirsögn þess eigi sje í fullu samræmi við innihaldið, í þá átt að veita embættismönnum þeim, er í hlut eiga, nýja heimild og gefa þeim nýja skipun um það að gjöra á þann hátt, sem nánar er fyrirskipað, og innan fastákveðins tíma samkynja ráðstafanir til að afmá gamlar veðskuldbindingar, eins og þær, er heimilaðar voru um stuttan tíma með nefndum lögum frá 1893. Hafði þjer, reyndar eigi alveg óhikað, lagt það til, að frumvarp þetta hlyti konungsstaðfesting, en þá tillögu yðar hefur ráðgjafinn þó eigi getað aðhyllzt.

Eins og tekið er fram í ofan nefndu brjefi yðar, hefir alþingi vegna þess að það, þar sem ógildingarstefnurnar hafa orðið svo margar, hefir bakað landsjóði æði mikinn kostnað að láta birta þær, eins og boðið er um slíkar innkallanir, þrisvar sinnum í Berlingsku tíðindunum og enn fremur, svo sem fyrirskipað er í lögnum frá 1893, í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, í lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, skipað svo fyrir, að hinar umræddu innkallanir skuli nú kunngjöra eingöngu á þann hátt, að birta þær einu sinni í B-deild Stjórnartíðindanna, og skuli slíkar auglýsingar teknar ókeypis í Stjórnartíðindin. Ráðgjafinn verður nú að álíta það allt of isjárvert, að fara svo langt út fyrir hinar almennu reglur um innkallanir, að láta það nægja, að birta ógildingarstefnur einu sinni í Stjórnartíðindunum, sem hvorki eru haldin eða lesin af mönnum almennt og þar sem engum, er eigi einmitt þekkti lagaákvæði þau, sem hjer er stungið upp á, myndi geta komið til hugar að leita að þess konar auglýsingum. Jafnvel þótt líta megi svo á, að rjett sje í slíku tilfelli, og hjer er um að ræða, að gjöra, að því er hina lögformlegu hlið málsins snertir, allar framkvæmdir svo einfaldar og óbrotnar, sem unnt er, verður ráðgjafinn þó í öllu

128 falli að álíta nauðsynlegt, að innkallanirnar verði birtar í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar. Í allra-þegnsamlegustum tillögum mínum um 17. ágúst málið, hef jeg þess vegna ráðið til þess, að neitað sje um allrahæsta staðfestingu á lagafrumvarpi því, sem að framan ræðir um, og hefir hans hátign konunginum hinn 14. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja þá tillögu.

En með því að ráðgjafinn verður samt sem áður að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að þörf sje á, eptir því sem þjer skýrið frá, að útvega á ný sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum á Íslandi, hefir ráðaneytið í hyggju, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um þetta efni, og þar sem þjer hafð bent á, að æskilegt kynni að vera, að lagafrumvarpið væri einnig í sumum öðrum greinum nokkuð öðruvísi orðað en það er nú, er hjer með þjónustusamlega skorað á yður, að láta uppi tillögur yðar um innihald slíks lagafrumvarps, er ráðgjafinn álitur að ganga megi í líka stefnu og frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, en þar sem þó í öllu falli verður að setja þau ákvæði, að ógildingarstefnurnar skuli birtar í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, og skal jafnframt lagt fyrir yður, að birta brjef þetta í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ofanefndu brjefi* frá yður.

*) Brjef landshöfðingja:

Á alþingi því, er haldið var í sumar, hefir eptir löglegan undirbúning verið samþykkt frumvarp til laga, er borið var upp af þingmanna hálfu, um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta, eins og það hefur verið samþykkt af þingsins hálfu, en læt jafnframt fylgja danska þýðing af frumvarpinu.

Það verður eigi sagt, að lagafrumvarp þetta miði í eiginlegum skilningi að því að gjöra nokkra breytingu á lögum 16. septbr. 1893 um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar, því að frumvarpið fer ekki fram á að draga úr, rýmka um eður á annan hátt að setja nákvæmari takmörk fyrir heimild þeirri, sem veitt er með nefndum lögum til að innkalla handhafa að veðskuldabryfum þeim, er lögin ræða um, og síðan afmá þau úr veðmálabókunum, en tilgangur frumvarpsins er þar á móti sá, að útvega nýja heimild til slíkrar innköllunar og afmáningar. Það myndi heldur eigi nú, eptir að eins tveggja ára tíma hafa verið ástæða til að fara að opna nýjan veg til sjerstakrar afmáningar á veðskuldbindingum, ef embættismenn þeir, sem helzt eiga hlut að máli, hefðu eins og vera bar fullnægt skyldum þeim, er lögin frá 1893 leggja þeim á herðar, en það er hvorttveggja, að mörgum af innköllunum þeim, er gefnar hafa verið út samkvæmt nefndum lögum, er hvað formið snertir svo ábótavant bæði að því er til innihaldsins kemur og birtingarmátans, að naumast er unnt að byggja ógildingardóm á innköllunum þessum, og þess utan hafa 2 sýslumenn — sýslumennirnir í Þingeyjar-sýslu og Sudurmúlasýslu — með öllu vanrækt að gefa út hinar fyrirskipuðu innkallanir, áður en frestur sá var útrunninn, sem tiltekinn er í tjeðum lögum. Með því að tilgangi lagaanna frá 16. septbr. 1893 er þannig að eins að nokkru leyti náð, er í raun og veru þörf á nýrri lagaheimild til þess að afmá úr veðmálabókunum á þann hátt, er nánar væri ákveðið, gamlar veðskuldbindingar þær, er álíta má að eigi sjeu lengur í gildi, og það er sjerstaklega með tilliti til þeirra, að alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Að öðru leyti er frumvarp þetta sniðið eptir lögnum frá 16. september 1893; þó er til að spara landssjóði kostnað svo ákveðið, að innkallanir þær, sem ræðir um í 1. gr. lagafrumvarpsins, skuli birta á þann hátt, að prenta þær að eins einu sinni í B-deild Stjórnartíðindanna. Þó að birtingaradferð þessi sje eigi margbrotin, má þó vænta þess, eptir því sem málefni þessu er varið, að eigi

Að endingu verður ráðgjafinn að óska sjer í tje látna þóknanlega skýrslu 128 yðar um, hvað gjört hafi verið gagnvart embættismönnum þeim, sem, að því er 17. ágúst ofanefnt brjef yðar ber með sjer, hafa með öllu vanrækt að fullnægja fyrir-mælum þeim, sem lög 16. septbr. 1893 lögðu þeim á herðar.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest- 129 ingar a lagafrumvarpi um undirbúning verðlagsskráa. — Með þóknanlegu brjefi, 17. ágúst dagsettu 24. okt. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi s. á. um undirbúning verðlagsskráa. Hafið þjer, eptir að hafa látið í ljósi það álit yðar, að breytingar þær á hinu núverandi fyrirkomulagi, er frumvarpið fer fram á, væru til bóta og haganlegar, engu að síður lagt það til, að synjað yrði um staðfesting á frumvarpinu vegna galla, er þjer bendið á, að sje á ákvæðum 1. greinar um samsetning nefnda þeirra, er þar ræðir um, en að lagt yrði fyrir næsta alþingi frumvarp sama efnis, þar sem bætt væri úr hinum ádurnefnda galla. Ráðaneytið, sem einnig hlýtur að vera þeirrar skoðunar, að vöntun á reglum um það, hvernig haga skuli samsetningu nefndar þeirrar, er ræðir um í 1. gr., í hreppum, er umlykja eða heyra undir fleiri en eitt prestakall, mundi valda svo miklum erfiðleikum í framkvæmdunum, ef frumvarpið yrði að lögum, að það sje ekki fallið til þess að verða staðfest, hefir því að öllu leyti getað adhyllzt tillögur yðar, og í allra-þegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, um leið og það hefur áskilið sjer rjett til að leggja breytt frumvarp fyrir næsta alþingi, að frumvarpi því, er nú liggur fyrir yrði synjað um konungsstaðfesting, og hefur hans hátígn konunginum 14. þ. m. allra mildilegast þóknast að samþykkja þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbein-ingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt ádurnefndu brjefi yðar*, sbr. ráðgjafabrjef 27. maí f. á.

hljótist þar af nein vandkvæði, og þó að lagafrumvarpið sje í sumum öðrum atriðum miður heppilega orðað, verð jeg eigi að síður að vera þeirrar skoðunar, að ástæða sje til sakir þess, sem að ofan er tekið fram, að leggja það til, að lagafrumvarp þetta öðlist allrahæsta staðfesting.

*) Brjef landshöfðingja:

Alþingi það, er haldið var síðastliðið sumar, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp til laga, er borið var fram af þingmanna hálfu um undirbúning verðlagsskráa, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta, eins það hefur verið samþykkt af þingsins hálfu, ásamt danskri þýðingu af því.

Eptir hinum núgildandi reglum, sbr. konungsúrskurði 16. júlí 1817, 2. marz 1853 og 27. febr. 1880, er undirbúning hinna árlegu verðlagsskráa hagað þannig:

Í hreppi hverjum semur hlutaðeigandi hreppstjóri í kauptíðarlök skýrslu um peninga-verð vörutegunda þeirra, er sett eru á verðlagsskrár og gengið hafa kaupum og sölum það ár í hreppnum; skýrslu þessa sendir hann til sýslumanns, sem svo eptir hinum meðteknu verðlagsskýrslum setur meðalverð á hverja vörutegund í sýslunni, og sendir síðan skýrslu um þetta